Hvað er HighScope?

Algengar spurningar og svör um HighScope stefnuna.

Íris Dögg Jóhannesdóttir, HighScope kennari

Hvað er HighScope Educational Research Foundation?

- Sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð
- Stofnað 1970, Ypsilanti, Michigan, USA
- Gerir námskrár (fyrir innviði, fagfólk, símenntun, endurmenntun og matskvarða)
- Þjálfar kennara, umönnunaraðila, stjórnendur og þjálfa
- Gerir og gefur út rannsóknir og stefnur með hag barnanna að leiðarljósi
- Gefur út bækur, DVD-diska og annað efni (veggspjöld, dagskipulag ofl)

Hvað felst í HighScope námskrá?

- Áhersla á virkt nám – bein reynsla af fólki, efnivið, atburðum og hugmyndum
- Áhugi barnanna og val/ákvarðanir þeirra eru hjartað í HighScope
- Börn byggja upp þekkingu með samskiptum
- Nám hefst með vali barna og því að fylgja eigin ákvörðum og hugmyndum eftir
- Stuðningur kennara – líkamlegur, tilfinningalegur, vitsmunalegur

Hvernig er HighScope námskráin frábrugðin öðrum stefnum?

- Val-Leikstund-Rifja upp – hlutinn í dagskipulaginu er einstakur
- Rannsóknir sýna að það að velja og rifja upp eru þeir þættir stefnunnar sem ýta mest undir þroska barna í HighScope umhverfi
- Lykilreynsluþættirnir – 58 þættir sem falla undir 8 flokka
- Lýsa athöfnum ungra barna, hvernig þau sjá heiminn í kringum sig og þá reynslu sem er mikilvæg fyrir þroska þeirra
- Lykilreynsluþættirnir eru undirstaða þess að börn geti byggt upp og öðlast frekari þekkingu

Hver eru markmið HighScope fyrir ung börn?

- Að hjálpa börnum að ná alhliða þroska
- Að læra í gegnum virkt nám – með beinni reynslu, samskiptum, efnivið
- Að verða sjálfstæðir, ábyrgir einstaklingar með trú á eigin getu
- Að læra að skipuleggja eigin athafnir, fylgja þeim eftir og ræða við aðra um það sem þau hafa gert og lært af ferlinu
- Að öðlast kunnáttu og þekkingu á mikilvægum félagslegum, tilfinningalegum og líkamlegum þáttum

Hvaða sannanir eru fyrir því að HighScope virki?

- Yfir 50 ár af rannsóknum á þroska barna
- Börn með mjög ólíkan bakgrunn sem öll eru í HighScope skora hærra á þroskaprófum en börn í öðrum leikskólum með aðrar stefnur
- Perry Preschool Project – þekktasta rannsókn HighScope
- Fyrir hvern dollar spöruðust 17 $
- Þjálfun kennara skilar mjög miklum og góðum árangri
- Hágæðastefna skilar sér í betri útkomu í þroskaprófum

Hverjir nota HighScope-stefnuna?

- HighScope er fyrir alla, óháð aldri, kyni, þroska, kynþætti, fjárhag osfrv.
- Notað í einka-og ríkisreknum leikskólum, hálfs-og heilsdagsskólum, heimaskólum og skólum fyrir börn með sérþarfir. K-5, Preschools og Kindergartens. Grunnskóli í Chile amk.
- HighScope er mikið notað á Írlandi, Canada, Chile, Indónesíu, Kóreu, Mexíkó, Hollandi, Portugal, Suður Afríku og Bretlandi.
- Alþjóðleg ráðstefna árlega – í maí

Hvert er hlutverk kennara í HighScope?

- Kennarar eru líka virkir, rétt eins og börnin
- Gefa-þiggja samskipti
- Deilir valdinu – í stað þess að vera yfirvald
- Einblínir á styrkleika, áhuga, hugmyndir og reynslu hvers og eins
- Tekur þátt í leik og athöfnum barnanna á þeirra forsendum
- Virðir skoðanir, vilja, langanir, val hvers og eins
- Eru HighScope þjálfaðir og sjá börnunum fyrir þroskandi umhverfi og efnivið

Hvernig lítur HighScope umhverfi út?

- Er barnvænt og býður börn velkomin
- Nægur efniviður fyrir alla
- Gerir börnum kleift að velja, nota, skila af sjálfsdáðum
- Ýtir undir fjölbreyttan leik
- Öll svæði opin og aðgengileg
- Sveigjanlegt
- Efniviður endurspeglar ólíka menningu og fjölskyldugerð

Hvað á sér stað dagsdaglega á HighScope deild?

- Dagskipulag sem er eins alla daga
- Fyrirsjáanlegt en sveigjanlegt
- Gefur börnum færi á að taka ákvarðanir og fylgja sínum áhuga og vali
- Allur efniviður aðgengilegur
- Öll svæðin alltaf opin
- Engin takmörk hvað geta verið margir á hverju svæði

Val-Leikstund-Rifja upp

- Einstakt og einkennir HighScope stefnuna
- 10-15 mín val – börnin velja hvar þau vilja leika, með hvaða efnivið og við hvern
- 45-60 mín Leikstund – börnin framfylgja sínu vali (mega skipta um skoðun og breyta)
- 10-15 mín Rifja upp – börnin rifja upp hvað þau voru að gera og læra
- Á milli leikstundar og rifja upp taka börnin saman – notum fjölbreyttar aðferðir til þess

Hópastarf

- Sami hópstjóri með sama barnahóp daglega
- Kennarinn velur efnivið eftir áhuga, styrkleika og athygli barnanna
- Hittast á sama stað daglega en geta svo farið hvert sem er
- Lengd fer eftir aldri, þroska og úthaldi
- Allir fá sama efnivið – hver gerir það sem hann velur
- Börn og kennarar ganga frá saman

Samverustundir

- Allir saman, börn og kennarar – samfélag
- Byrjar á „Easy to join“ – eitthvað sem allir eiga auðvelt með að koma inn í
- Hreyfing, tónlist (instrumental), sögur, leikir
- Börnin verða að hafa marga valmöguleika

Skiptingar

- Eiga sér stað á milli þátta í dagskipulaginu
- Eins fáar og stuttar og við komumst upp með daglega – lítil bið- ekki röð
- Skipulagðar – vera búin að ákveða hvernig við förum úr samveru í matartíma osfrv...
- Börnin fá val um t.d. hvernig við förum ganginn – „Hvernig eigum við að fara fram í fataklefa?“

Taka saman

- Börn og kennarar hjálpast að
- Skipulagðar aðferðir – hrista, tónlist, lest, færiband, vélmenni, myrkur, kappur, litir, fjöldi, svæði
- Notum hluti til að hjálpa okkur – Risaeðlan, teppi, pokar, töskur, fötin okkar,
- Allt merkt og auðvelt að ganga frá

Matmálstímar og hvíld

- Sami hópur við sama borð
- Hafa val um í hvaða sæti þau vilja sitja og hvar við borðið
- Velja smekki
- Hvíld – sami hópur daglega í sama rými
- Hafa val um hvar í rýminu þau vilja liggja – á hvaða dýnu

Hvernig kennir HighScope börnum að leysa deilur/árekstra?

- Kennarar gera sér grein fyrir að þetta er hluti af félagsþroska barna
- Börn á leikskólaaldri eru að stíga sín fyrstu félagslegu skref
- Eru að æfa sig og munu gera „mistök“
- Óhjákvæmilegt að þau lendi í árekstrum – fylgir þessum aldri
- Kennarar eru meðvitaðir um að leiðbeina börnum, ekki skamma og refsa

6 þrep til að leysa deilur/árekstra

- 1. Nálgast á rólegan og yfirvegaðan hátt – stöðva skaðlega hegðun
- 2. Viðurkenna tilfinningar barnanna – gera hlutinn hlutlausan
- 3. Safna upplýsingum (Hvað er vandamálið?) – vera hlutlaus
- 4. Tilgreina vandamálið (Svo vandamálið er...)
- 5. Fá hugmyndir að lausnum og velja eina saman sem allir eru sáttir við
- 6. Veita stuðning (Þið leystuð vandamálið!)

Hvernig geta fjölskyldur notað HighScope heima?

- Bjóða upp á fjölbreyttan efnivið, t.d. hversdagslega hluti
- Hvetja börnin til að velja, leika og tala svo um það sem þau voru að gera
- Verið með dagskipulag og farið eftir því svo börnin viti hvað er að fara að eiga sér stað
- Nota þrepin 6 til að leysa deilur/vandamál/árekstra
- HighScope lítur á foreldra og kennara sem samstarfsmenn í að ýta undir nám og þroska barna

Hvaða matskvarða notar HighScope til að meta leikskólastarfið?

- PQA- Preschool Quality Asessment
- Þjálfaðir matsaðilar gera athuganir á deildum – athuganir og viðtöl
- Skrá hlutlaust það sem þeir sjá – skrá sannanir sem rökstyðja þeirra mál
- 7 kaflar, 63 þættir
- Námsumhverfi, dagskipulag, samskipti kennara og barna, námskrá og endurmenntun kennara, stjórnun
- Kvarði 1, 3 og 5. Gott tæki til að sjá hvað er vel gert og hvað þarf að bæta

Hvernig þjálfun þarf til að nota HighScope?

- Námskeið í HighScope fyrir alla sem koma að leikskólastarfinu – Ypsilanti, Michigan, USA
- Kennarar þjálfaðir í að vinna með börnum og foreldrum
- Hafa þjálfað fólk í yfir 20 ár og frá meira en 30 löndum
- Litlir hópar, alhliða þjálfun í öllu sem HighScope stendur fyrir
- Fræði og hagnýtar aðferðir – bein reynsla
- Vinnustofur, námskeið á netinu, ráðstefnur

Hvað þýðir „HighScope“ og hvaðan kemur þetta heiti?

- HighScope var upphaflega stofnað fyrir hæfileikaríka unglinga (camp program)
- Heitið kemur til eitt kvöldið eftir heitar umræður stofnenda verkefnisins um tilgang og markmið þess
- Þeir völdu „High“ til að marks um væntingar þeirra og „Scope“ fyrir umfang sýnar þeirra og þess sem þeir vonuðust til að ná með þessu verkefni

HighScope á leikskólum FS

- Tveir kennarar hlutu HighScope þjálfun frá HighScope Educational Research Foundation, árið 2009. Endurnýjuð réttindi á 3ja ára fresti
- HighScope-Nýliðanámskeið á hverju hausti fyrir nýja kennara
- HighScope fræðsla á náms-og starfsdögum leikskóla FS
- Kynningarfundur fyrir foreldra á hverju hausti